

Nd.

29. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Orðið „þýzku“ í 3. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945 falli niður.

2. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.
3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr töluliður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

3. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.
3. Málsgreinin „Þýzka (skrifleg og munnleg): Krafizt er sömu kunnáttu og í ensku“ falli niður.

4. gr.

12. gr. sömu laga falli niður og greinatála laganna breytist í samræmi við það.

5. gr.

14. gr. sömu laga, sem verður 13. gr., orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, vera að jafnaði fjórir skipaðir kennarar, þrjú kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta vísast til bréfs skólastjóra stýrimannaskólans, sem prentað er sem fylgiskjal, þar sem mælt er til, að unnræddar breytingar verði gerðar á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Fylgiskjal.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 2. september 1950.

Af aðferðum við staðarákvarðanir með athugunum himinhnatta, hefur fiskimannaprófsnemendum við stýrimannaskólann aðeins verið kennt að finna breiddina með athugun sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug. Reynslan hefur orðið sú, að fiskimenn nota lítið sem ekkert fastastjörnurnar til þessara athugana á sjónum, og álit ég því í rauninni óþarft, að eyða tíma í þá kennslu í fiskimannadeild. Meiri nauðsyn tel ég vera á því, að kenna þessum nemendum að nota sólina til viðtækari staðarákvarðana, svo að þeir geti fundið með henni bæði breidd og lengd staðarins, þar með athugaðan stað skipsins á sjónum.

Í framtíðinni má búast við, að hin nýju og dýru fiskiskip okkar sæki meir en hingað til á fjarlæg fiskimið, þar sem ef til vill er ekki kostur á að finna ábyggilegan stað skipsins með öðru en himinstaðarlínunum. Til slíkra staðarákvarðana er hentugast að nota hina svonefndu *hæðaraðferð*, sem fram að þessu hefur aðeins verið kennd til farmannaprófs, en er tiltölulega auðlærð.

Leyfi ég mér hér með að leggja til, að kennsla í að nota þá aðferð verði tekin upp í fiskimannadeild, en til þess þarf að breyta lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík. Læt ég fylgja hér með eintak af núgildandi lögum, þar sem sýndar eru hinar fyrirhuguðu breytingar þessu viðvíkjandi, og aðrar, sem gera þarf til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á skólahaldinu, síðan lögin voru sett.

Um þessar mundir er verið að breyta siglingafræðiárbókum flestra siglingaþjóða í nýtt form. Af því leiðir, að gera þarf nokkrar breytingar á kennslu- og dæmabókum, sem notaðar eru við stýrimannaskólann, og er nú unnið að því af kennurum skólans. Verði lögum um stýrimannaskólann breytt samkvæmt framan-sögðu, þarf einnig að samræma íslenska sjómannaalmanakið fyrir árið 1951 þeim breytingum, en vinna við það er nú hafin.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að beiðast þess, að frumvarp um ofangreindar lagabreytingar verði lagt fyrir Alþingi, strax þegar það kemur saman í haust, og verði afgreiðslu þess flýtt svo sem unnt er, svo hægt verði að byrja kennslu samkvæmt hinum nýju lögum, svo fljótt sem unnt er á þessu hausti.

Fr. V. Ólafsson.